

Handverksmiðstöð

Opin vinnustofa fyrir þig

*Eitthvað fyrir alla, konur og kalla,
krakka með hár og kalla með skalla*



Vor 2016

Rósenborg
Skólastígur 2
Sími: 462-1244

*Heimasíða: punkturinn.akureyri.is
Netfang: punkturinn@akureyri.is
Facebook: Punkturinn Rósenborg*

Skapandi handverksmiðstöð...

Punkturinn var stofnaður árið 1994 og gegnir því hlutverki að veita góða aðstöðu fyrir handverk og tómstundir. Boðið er upp á námskeið í ýmis konar handverki og opna aðstöðu til handverksíðkunar, ásamt því að njóta samveru við annað skapandi fólk. Starfsfólk veitir upplýsingar, aðstoð og ráðgjöf í samstarfi við aðra fagaðila. Til þess að geta unnið sjálfstætt á Punktinum er mælt með góðum undirbúningi, til dæmis námskeiði eða öðrum grunni.

Opnunartími

Mánudaga	13-22
Þriðjudaga	09-17
Miðvikudaga	09-17
Fimmtudaga	09-17
Föstudaga	09-12



Starfsmenn



Bergljót Jónasdóttir
Forstöðumaður tómstundamála
s: 460-1238 / 861-4021
bergljot@akureyri.is



Halla Birgisdóttir
Umsjónamaður
List og handverksleiðbeinandi
s: 460-1244 / 659-6545
hallabirgis@akureyri.is



Þóra Karlsdóttir
List og handverks
leiðbeinandi



Helga Lind
Sigmundsdóttir
List og handverks
leiðbeinandi



Guðrún Björg
Eyjólfsdóttir
List og handverks
leiðbeinandi



Arnar Yngvason
List og handverks
leiðbeinandi /
húsvarsla

Brynja Herborg Jónasdóttir: Ég mæti á Punktinn reglulega til að gera handverk, fá hugmyndir og hitta skemmtilegt fólk. Það skiptir svo miklu máli að hafa svona yndislegan stað til að sækja í stað þess að sitja heima og bora í nefið. Auk þess er starfsfólk Punktsins mér alveg ómetanlegt.



Hólmfríður Einarsdóttir: Ég hef komið á Punktinn reglulega undanfarna tvo vetur, til að fá útrás fyrir sköpunarþörf mína. Það hefur reynst mér mjög vel og ég get af heilum hug mælt með þessari frábæru aðstöðu okkar akureyringa. Bæði starfsmenn og aðrir gestir hafa reynst mér mjög vel og ég hvet alla sem

hafa gaman af handverki og/eða hitta skemmtilegt fólk að mæta, það verður örugglega tekið vel á móti ykkur

Gjaldskrá Punktsins

Aðstöðugjald á dag	500,-
67 ára og eldri	0,-
Yngri en 18 ára	0,-
Öryrkjar / atvinnuleitendur	0,-
10 miða kort	4.000,-
3 mánaða kort	10.000,-
Árskort	20.000,-



Væntanleg námskeið vorið 2016

- Byrjendaprjón
- Hekl
- Fatabreytingar
- Orkering
- Saumanámskeið
- Tauþrykk
- Textílnámskeið
- Ullarþæfing
- Að þora í sögina
- Gróðurkassar
- Húsgagnaviðgerðir
- Konur og kollar
- Lærðu að spónleggja
- Rennibekkur
- Tálgun - fígúrir og fuglar
- Útskurðarnámskeið
- Glerbræðsla
- Mósaik
- Leirmótun fyrir byrjendur
- Leirskart
- Postulínsleir
- Fluguhnýtingar
- Hjólaviðgerðir
- Silfursmíði
- Skrautskrift
- Skiltagerð

Barna og unglिंगastarf

Tómstundastarf barna og unglinga fer fram í Rósenborg möguleikamiðstöð Skólástíg 2. Námskeiðin eru 2-4 skipti og eru kennd á vorin og á haustin.

Eitt af markmiðum samfélags- og mannréttindadeildar er að leitast við að gera öllum börnum kleift að sækja tómstundastarf eftir að skóladegi lýkur.

Öll börn sem eru í 4.-7. annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar fá afhentan bækling með upplýsingum um tómstundastarfið. Skráning á námskeiðin fer fram á **matartorg.is** eða hjá ritara gunnskólanna ef viðkomandi hefur ekki aðgang að tölvu.

Eftirfarandi námskeið eru í boði á vorönn

- PPT matreiðslunámskeið
- Brjóstsýkurgerð
- Tálgun
- Doppur og dásendir
- Fímó leir
- Mósaik
- Skák

Jón Hallur Pétursson: Ég mæti nánast daglega á Punktinn og er flestar stundir á smíðastofunni. Hér er frábær aðstaða, nóg pláss og gott úrval verkfæra. Á Punktinum hittir maður notendur og starfsfólk sem gaman er að umgangast. Hér er unnið með lausnir en ekki vandamál.



Jóhann Thorarensen: Ég fann Punktinn í haust! Það er góður staður þar sem hægt er að komast á ýmis handverksnámskeið. Ég fór á námskeið þar sem kennt var að gera upp gömul húsgögn undir góðri leiðsögn. Eftir námskeiðið hélt ég áfram að koma og gat nýtt mér aðstöðuna eins og ég þurfti. Þarna er hlýlegt og notalegt andrúmsloft. Verkfæri og aðstaða er góð.

Er Punkturinn ef til vill eitt af „týndu“ fyrirtækjum bæjarins eða lítt sjáanlegum? Það má alls ekki vera svo því að þarna kynntist ég góðu starfi og fólki sem er jákvætt og gott í öllu viðmóti. Lengi lifi Punkturinn !!



Mayflor Perez Cajes: Mér líður vel á Punktinum, manni finnst maður alltaf velkominn og barnastarfið er frábært. Barninu mínu leið vel hjá ykkur og langar að koma aftur, og mig líka auðvitað. Starfsfólkið er frábært, alveg yndislegt og faglegt. Ég lærði mikið og námskeiðið vakti hjá mér aukinn áhuga á glerlist og ég öðlaðist sjálfstraust á mína hæfileika.

